Safnið mitt

Höfundur Barbara deRubertis
Myndskreytingar Gioia Fiammenghi

Kæri forráðamaður/kennari

Hvers vegna þarf ég að læra alla þessa stærðfræði?

Hljómar þetta kunnuglega? Mörg börn eiga erfitt með að tengja stærðfræði í skólanum við daglegt líf. Þú getur aðstoðað barnið við að finna tilgang með stærðfræðinni með bókunum í þessum bókaflokki.

Í hverri bók er fjallað um ákveðna þætti stærðfræðinnar sem aðalsögupersónan leiðir lesendur í gegnum. Börn munu dragast inn í söguna og þar með einnig inn í stærðfræðina sem þetta snýst allt um!

Sem fyrrverandi kennari og höfundur námsefnis í lestri og stærðfræði, þekki ég mikilvægi þess að kennslubækur fylgi því námsstigi sem börnin eru á. Þess vegna er þessi bókaflokkur saminn og þau stærðfræðihugtök sem börn þekkja úr skólanum notuð og ekki skemmir söguþráðurinn fyrir!

Aftast í hverri bók eru hugmyndir að viðfangsefnum sem miða að því að hvetja börnin til þess að hugsa og tala um stærðfræði og söguþráðinn. Þar er einnig blaðsíða með upplýsingum um þann stærðfræðiþátt sem sagan fjallar um.

Aðalmarkmið okkar með bókaflokknum er að leggja okkar af mörkum til að kveikja áhuga nemenda á stærðfræði sem mun fylgja þeim út lífið.

Með kveðju,

Joanne Kane

útgefandi

Safnið mitt

Höfundur Barbara deRubertis
Myndskreytingar Gioia Fiammenghi

The Kane Press New York

MENNTAMÁLASTOFNUN

Safnið mitt
ISBN 978-9979-0-2284-8

Titill á frummáli: A Collection for Kate
© 2000, Kane Press, Inc.
© Höfundur: Barbara deRubertis
© Myndskreytingar: Gioia Fiammenghi
© Íslensk þýðing og staðfærsla: Henríetta Ósk Melsen
Ritstjóri íslensku þýðingarinnar: Auður Bára Ólafsdóttir
Yfirlestur: Guðbjörg Pálsdóttir, Ingólfur Steinsson

Safnið mitt (A Collection for Kate) eftir Barbara deRubertis, myndskreytt af Gioia Fiammenghi, © Kane Press, Inc. Allur réttur áskilinn. Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilega hátt. Íslenska útgáfan er gefin út af Menntamálastofnun.

1. útgáfa 2018
Menntamálastofnun
Kópavogi

Hönnun: Roberta Pressel
Umbrot: Menntamálastofnun
Prentun: Oddi ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

www.kanepress.com
www.mms.is

Silla seig niður í sætið sitt. Hún gretti sig í framan. Kennarinn var að minna bekkinn á að í næstu viku væri safnavika. „Þeir sem skráðu sig og vilja koma með safnið sitt verða að muna eftir að koma með það í skólann á réttum degi.“

Silla gjóaði augum á dagatalið.
Hún hafði skráð sig á fimmtudaginn.
Vandamálið var að hún átti ekki neitt safn. Og hún hafði minna en viku til stefnu til þess að leysa málið.
„Úff“, muldraði hún.



Það er langt síðan skráningardagurinn var.
Margir krakkar höfðu flýtt sér að skrá sig á dagatalið. Silla hafði gert slíkt hið sama.
Þá hafði henni fundist hún hafa LANGAN tíma til þess að finna sér eitthvað til þess að safna.
En tíminn var runninn út í sandinn.

Silla eyddi mest allri helginni í að leita
að einhverju sem gæti flokkast sem safn.
Hún leitaði í skápnum, skúffunum og
í dótakassanum. Hún leitaði ofan á
bókahillunum og undir rúminu sínu.

Silla átti örlítið af hinu og þessu.
En hún átti ekki mikið af neinu.
Hvað skyldi hún þurfa mikið af einhverju
til þess að það yrði safn?

Hún ákvað að bíða aðeins og sjá
hvað hinir krakkarnir myndu koma með
í næstu viku.

Á mánudagsmorgni var Jóhann fyrstur til að sýna safnið sitt. Hann kom með tvo stóra poka FULLA af bókum. Hann gat varla borið þá inn sjálfur.

„Ég safna bókum um skriðdýr,“ sagði hann.

Fyrst sýndi hann þeim 9 bækur um snáka. Síðan sýndi hann 5 bækur um eðlur.

Silla lagði fjölda þeirra saman í huganum.

„Úff!“ hugsaði hún með sjálfri sér.
„Ég á ekki 14 stykki af neinu.“

Næst í röðinni var Emma. Hún gat varla beðið eftir að sýna safnið sitt.

„Ég safna tveimur tegundum af seglum,“ sagði hún.

Hún átti 13 segla með dýrum, þar á meðal var gíraffi og sebrahestur. Svo átti hún 11 segla með mat, til dæmis pítsusneið og smákökku með sultu í miðjunni. Smákakan var mjög girnileg.

Silla skrifaði niður 13 og líka 11.
Nú þurfti hún að leggja saman tveggja stafa tölur! Hún vissi það fyrir fram að útkoman yrði há tala.

Silla dæsti: „Ég á sko aldeilis ekki 24 stykki af neinu.“

Sama kvöld leitaði Silla út um allt hús.
Hún fann þó nokkuð af hinu og þessu.
Hún fann fjórar gamlar bækur um hesta og fimm segla á ísskápinn. En hún fann ekki mikið af neinu.

Tannlæknir, fimmtudag
egg, mjólk, brauð
hringja í Emmu
afmæli, föstudag

stfirðir

Á þriðjudeginum sýndi Bjarni skeljasafnið sitt. Hann átti 3 FULLA kassa af skeljum. Í fyrsta kassanum voru 15 skeljar frá því að hann ferðaðist um Vestfirði. Annar kassinn var með 10 skeljum eftir ferðalag um Norðurland. Í þriðja kassanum voru 5 skeljar frá ömmu hans í Vestmannaeyjum.

Bjarni sýndi þeim alls konar skeljar.
Á meðan taldi Silla þetta saman í huganum.
Það var auðvelt að leggja tölurnar saman.
15 plús 10 er jafnt og 25, plús 5 í viðbót
gera samtals 30.

Þrjátíu! Söfnin urðu stærri og stærri!
Og vandamál Sillu stækkaði og stækkaði.
Jú, hún átti alveg nokkrar skeljar. En sex
skeljar nægðu EKKI til þess að flokkast
sem safn.

Jóna var næst. „Hún er alltaf að sýna sig,“ hugsaði Silla með sjálfri sér. En – hún kom bara með einn kassa. Mögulega . . .

„Fjölskyldan mín fór í laaaangt ferðalag síðasta sumar,“ sagði Jóna. „Ég keypti póstkort á hverjum stað sem við heimsóttum. Við fórum á MARGA staði. Svo ég á mjög MÖRG póstkort í safninu mínu.“

Form

Jóna taldi öll póstkortin. Silla hélt að hún ætlaði aldrei að hætta að telja.

Jóna átti 11 póstkort frá Skagafirði, 13 frá ferð um Austurland og 15 frá ferð um Reykjanesið.

Silla skrifaði niður tölurnar. „Hmmm … allar þessar tölur eru hærri en 10,“ hugsaði hún. „Svo að summa þeirra hlýtur að vera hærri en 30!“

„Þrjátíu og níu!“ Silla saup hveljur.
„Úff,“ var það eina sem hún gat sagt.

Um kvöldið fann Silla tvö gömul póstkort
í einni skúffu. Hún fann eitt póstkort á milli
setanna í sófanum. Pabbi hennar lét hana svo
hafa eitt póstkort sem hafði komið með póstinum.
Fjögur póstkort. Vá, voðalega merkilegt!

Silla setti skeljarnar sínar 6 í mjög lítinn kassa.

„Úff,“ muldraði hún.

Á miðvikudegi sýndi Rakel bekknum svínasafnið sitt. Það var risastórt! Mamma hennar þurfti að hjálpa henni að bera inn 6 skókassa fulla af svínum.

Í kössunum voru 10 svín úr tré, 12 svín úr gleri, 16 svín úr málmi, 4 svín úr plasti og 7 tuskusvín.

Allir sögðu „VÁ!“. Rakel ljómaði. En Silla var ekki ánægð.

Silla fussaði og sveiaði. Rakel átti svo mikið af svínum að Silla þurfti virkilega að vanda sig við að finna summuna!

Hún starði á töluna. Gat þetta verið rétt? Þetta var svo HÁ tala! Kannski hafði hún reiknað þetta rangt.

Það er best að ég reikni þetta saman í vasareikninum, hugsaði Silla. Hún sló inn allar tölurnar.

Þarna kom talan aftur … 49.

„Mér líður ekki vel,“ stundi hún. „Kannski get ég ekki mætt í skólann á morgun …“



Strax um kvöldið skoðaði Silla allt dótið sem hún hafði safnað saman. Hún átti svolítið af hinu og smávegis af þessu. En hún átti ekki nógu mikið af neinu.

Silla raðaði þessu öllu á rúmið sitt.
Hún átti 4 bækur um hesta.
Hún átti 5 segla, 6 skeljar og 4 póstkort.
Hún átti engin svín.
En hún átti 3 froska og 5 bangsa.

Það færðist bros yfir andlit Sillu.

„Aha! Nú veit ég!“ hugsaði hún.

Síðan tíndi hún saman allt dótið sem var á rúminu.



Í skólanum næsta dag raðaði Silla upp öllu dótinu. Allir fylgdust með. Enginn sagði neitt.

Loks spurði kennarinn hennar: „Hverju ertu að safna Silla?“

Silla brosti stolt og sagði:
„Ég safna SÖFNUM!“

„Svalt!“ sagði Emil.

„En góð hugmynd!“ sagði Ösp.



„Mjög flott hjá þér Silla,“
sagði kennarinn hennar.
„Ég býst við að þú hafir ekki
viljað safna einhverju einu.“
„Einmitt,“ sagði Silla.
„Það gekk ekki upp hjá mér.“

Samlagning

Hérna eru nokkrar leiðir til þess að leggja saman.

1. Telja á fingrum. 5 + 2 = ?

5 og 1 til viðbótar eru jafnt og 6.
Einn í viðbót er jafnt og 7.

2. Tvöfalda. 5 + 6 = ?

5 plús 5 eru jafnt og 10
og 1 í viðbót er jafnt og 11.

3. Nota víxlregluna. 2 + 8 = ?

Ég veit að 8 + 2 = 10 svo að 2 + 8 = 10.



4. Hoppa og telja á tveimur, 2, 4, 6, 8



5, 10, 15, 20

eða

10, 20

5. Finna og nota mynstur.

20 + 10 = 30 70 + 10 = 80 40 + 10 = 50

30 + 20 = 50 40 + 50 = 90 70 + 30 = 100

6. Nota þessa aðferð:

Leggja einingarnar saman fyrst og svo tugina.

Geymdu þegar þú hefur fyllt tuginn.

14	1 36	52	1 85
23	+ 48	+ 96	+ 39
+ 41	84	148	124
78			
Þarf ekki að geyma.	Geyma einn tug.	Skrá fjölda eininga og tuga.	Geyma einn tug og skrá svo fjölda tuga.



Það sem skiptir máli

Til þess að styðja við og auka lestrar- og stærðfræðiþekkingu barnsins er gott að:

LESA SAMAN

- Skoðið forsíðuna. Lesið titilinn. Talið saman um mismunandi hluti sem hægt er að safna. Veltið fyrir ykkur hverju Silla safnar.
- Fáðu barnið til að leika eftirfarandi: síga niður í sæti, gjóa augum, muldra, leita, ljóma, fussa og sveia, stara, safna saman, raða, súpa hveljur.
- Aðstoðaðu barnið við að finna staðina sem minnst er á í bókinni á korti.
- Eftir að bókin hefur verið lesin, fáið þá barnið til að bera saman það sem Silla safnaði við það sem barnið hélt í upphafi að hún myndi safna.

FINNA TENGSL VIÐ STÆRÐFRÆÐINA

- Þegar bókin er lesin farið þá yfir stærðfræðina hjá sögupersónunni. Barnið giskar á svarið, reiknar það og lýsir leiðinni að svarinu. Að lokum reiknar barnið svo með vasareikni.
- Notaðu töfluna á bls. 32. Talaðu um það við barnið hvaða aðferð Silla notar við samlagninguna. Gæti hún hafa notað aðrar aðferðir, s.s. talið á fingrum, tvöfaldað eða notað mynstur?
- Notaðu myndirnar til þess að þjálfa myndrænt læsi. T.d. á bls. 30-31, hvað eru margir hlutir af sömu gerð í safninu hennar Sillu? Hvað eru þetta margar tegundir af hlutum? Hversu margir af hverju? Á Silla meira eða minna af einhverju en Rakel? En Jóhann?
- Skrifið eftirfarandi orð á lítil spjöld: dagatal, tveggja stafa tala, summa, samtals, útkoma, þrjátíu, stærri, þrjátíu og níu, að geyma, vasareiknir, samlagning (plús, að leggja saman), útkoma. Finndu þessi orð í sögunni og ræðið hvernig þau eru notuð. Fáðu barnið til að skrifa eða segja setningu með orðinu. Einnig er hægt að fá það til að teikna mynd af setningunni.

BEITA STÆRÐFRÆÐIHUGTÖKUM

- Setjið saman safn af söfnum. Fáðu barnið til að skrifa niður hversu mikið er af hverjum hlut í hverju safni.
- Vísaðu í töfluna og aðferðirnar sem þar eru til þess að leggja saman heildarfjöldann. Hvettu barnið til þess að nota aðra aðferð eða vasareikni til þess að fara yfir niðurstöðurnar.

Math Matters®

Safnið mitt

SAMLAGNING

Það er safnavika í skólanum og Silla
ákveður að taka þátt – en hún á ekkert safn.
Tíminn er að renna út.
Hverju getur hún fundið upp á?

MATH MATTERS® bókaflokkurinn fær börn til að tengja stærðfræðina sem þau læra í skóla við daglegt líf.

HVER SAGA:

- **beinir athyglinni að ákveðnu stærðfræðihugtaki**
- **sýnir fram á hvernig hægt er að nota stærðfræði í hversdagslegum aðstæðum**
- **eykur lestrarfærni**

Bókina má nota sem lestrarþjálfunarefni.
Kennari getur lesið bókina fyrir nemendur og nýtt í stærðfræðikennslu.

UMSAGNIR:

„Kærkomin viðbót fyrir þá sem eru að byrja að lesa."

„Þessar glaðlega myndskreyttu bækur eru þjálfun í stærðfræði og lestri."

„Bókin er vel til þess fallin að efla lestrar- og stærðfræðifærni heima og í skólanum."

„Math Matters sögurnar eru góðar sögur … tengja stærðfræði við daglegt líf barna …"

MENNTAMÁLASTOFNUN
40179

ISBN-13: 978-9979-0-2284-8
9 789979 022848